4. gr.

Lausaganga hrossa er bönnuð í Njarðvík, Borgarfirði, Húsavík og Loðmundarfirði og er hrossaeigendum skylt að halda hrossum sínum á afgirtum svæðum. Um töku og meðferð hrossa sem ekki eru í öruggri vörslu, fer eftir 33. – 35. gr. laga um afréttamálefni, fallskil o.fl., nr. 6/1986 með síðari breytingum.

5. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með, skv. lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, sbr. einnig lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986 með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2005.*

F. h. r.
**Hákon Sigurgrímsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

26. ágúst 2005 Nr. 810

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 948/2002, ásamt síðari breytingum, um uppruna og ræktun íslenska hestsins.**

1. gr.

Í liðnum um knapa og og umráðamenn í I. viðauka, III. grein orðist síðasta málsgreinin svo:

Notkun reiðhjálma er skylda og skulu þeir vera spenntir. Hjálmarnir skulu bera merkinguna IST EN 1384:1996 og CE samræmingarmerki. Sjá reglugerð nr. 635/1999 um persónuhlífar til einkanota.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2005.*

F. h. r.
**Hákon Sigurgrímsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*